

18. gr.
Gildistaka.

Póstrekendur skulu hefja færslu bókhaldsgagna í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar eigi síðar en hinn 1. janúar 2006.

Samgönguráðuneytinu, 11. mars 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi við Hraungerði og Borgarsíðu, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 1. mars 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagsskilmálum fyrir Hraungerði 1. Breytingin felst í því að leyfður þakhalli verður 10°-30° í stað 10°-14° áður.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 15. febrúar 2005 og 1. mars 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögur að breytingum á deiliskipulagi fyrir Borgarsíðu 23 og 29.

Breytingarnar eru samhljóða og felast í því að bílskúrar verða innbyggðir í húsin í stað þess að vera stakstæðir og að byggingarreitir húsanna verða 10,7 x 13 m í stað 9 x 13 m.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þeirra. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 18. mars 2005.

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Sunnumörk og Mánamörk í Hveragerði.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 10. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi við Sunnumörk og Mánamörk í Hveragerði, samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Tilheyrandi deiliskipulagsuppráttur ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 15. mars 2005.

Guðmundur F. Baldursson, skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar.